# 3 Svefnherbergi Raðhús in Villamartin

Ref: T630

**Húsið er Selt**







**Tegund eignar :** Raðhús

**Bæjarfélag / Hverfi :** Villamartin

**!zona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 2

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Einka

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til austurs

**Útsýni :** Yfir sundlaugarsvæði og garð

**Bílastæði :** Einkabílastæði á lóð

| | |
|---|---|
| **Fermetra stærð eignar :** | 81,09 m² |
| **Stærð lóðar :** | 82,04 m² |
| **Stærð verandar :** | 3,46 m² |
| **Stærð þaksvala :** | 19,75 m² |
| **Flugvöllur :** | 40 min |
| **Strönd :** | 8 min |
| **Borg :** | 10 min |
| **Golf :** | 5 min |

- ✓ Verönd
- ✓ Þaksvalir
- ✓ Heimilistæki
- ✓ Innbyggð loftkæling

Þetta glæsilega raðhús er staðsett á mjög góðum stað í Villamartín hverfinu, húsið er á tveimur hæðum með 3 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og rúmgóðum þaksvölum. Fullbúið eldhús með gæða heimilistækjum og stofa eru í björtu og rúmgóðu alrými á aðalhæð, einnig fylgir sér garður með sundlaug og bílastæði inn á lóð.
Skammt er á 18 holu golfvöllinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring. Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur skammt frá, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.
Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m2 verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.
Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!